

## Samruni Jökla ehf., Heklu hf. og Dekkjasölnunnar ehf.

- Pann 15. nóvember 2024 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning vegna kaupa Jökla ehf. („Jöklar“) á Dekkjasölnunni ehf. („Dekkjasalan“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við ákvæði 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020. Með bréfi, dags. 1. desember 2024 upplýsti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynning aðilanna teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 18. nóvember 2024.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Með samrunanum eignast Jöklar allt hlutafé í Dekkjasölnunni og mun Dekkjasalan því verða undir yferráðum Jökla og hluti af samstæðu félagsins. Samkvæmt framangreindu fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.
- Jöklar er eignarhaldsfélag en félagið á tvo dótturfélög, Heklu hf. („Hekla“) og Heklu fasteignir ehf. Í samrunaskrá kemur fram að Hekla sé bílaumboð sem sérhæfi sig í sölu og þjónustu á nýjum bifreiðum. Félagið reki ekki hjólbarðaverkstæði en selji dekk og framkvæmi dekkjaskipti samhliða afhendingu á nýjum bílum. Aðalstöðvar Heklu séu að Laugavegi 174 í Reykjavík og lager félagsins sé staðsettur að Tunguhálsi 8 og Kletthálsi 13, þar sem einnig séu seldir notaðir bílar samkvæmt samrunaskrá.
- Samkvæmt samrunaskrá flytur Dekkjasalan inn og selur hjólbarða og felgur og býður upp á þjónustu tengda hjólbörðum, svo sem umfelgun og dekkjaviðgerðir. Fyrirtækið reki eina starfsstöð í Dalshrauni í Hafnarfirði.
- Samrunaaðilar telja markað málsins þar sem áhrifa gæti vera markað fyrir sölu á dekkjum og tengdri þjónustu, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2023, *Samruni Vekru ehf./Bílaumboðsins Öskju ehf. og Dekkjahallarinnar ehf.* Þá sé landfræðilegur markaður málsins höfuðborgarsvæðið, en mögulegt sé að viðskiptavinir beggja geti komið frá stærra svæði. Vegna stöðu samrunaaðila þjóni þó ekki tilgangi að afmarka nákvæmlega landfræðilegan markað málsins.
- Í samrunaskrá kemur fram það mat samrunaaðila að samruninn muni ekki raska samkeppni eða hafa skaðleg áhrif á neytendur. Við mat á markaðshlutdeild vísa samrunaaðilar til þeirrar áætlunar sem lögð var til grundvallar í fyrrnefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 34/2023. Í því máli áætluðu samrunaaðilar, Vekra ehf. og Dekkjahöllin ehf., stærð dekkjamarkaðarins með



Því að notast við heildarþyngd innfluttra dekkja ár hvert og meðalþyngd hvers dekk.<sup>1</sup> Taldi Samkeppniseftirlitið í því máli að hafa mætti hliðsjón af þeirri umfjöllun samrunaaðila.

7. Sé litið til framangreindrar skilgreiningar sé markaðshlutdeild Heklu og Dekkjasölnunnar á markaði málsins að mati samrunaaðila ekki slík að samruninn muni leiða til styrkingar eða myndunar markaðsráðandi stöðu, eða að samkeppni raskist að öðru leyti. Sem fyrr segir starfræki Hekla ekki dekkjaverkstæði með sjálfstæða veru á markaði á sama hátt og Dekkjasalan, heldur flytji félagið inn dekk, selji þau og framkvæmi dekkjaskipti samhliða og í beinum tengslum við sölu félagsins og afhendingu þess á nýjum bifreiðum. Jafnframt séu burðugir keppinautar á skilgreindum markaði málsins með hærri markaðshlutdeild en samrunaaðilar.
8. Við meðferð málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, meðfylgjandi gagna og annarra aðgengilegra upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess leitaði Samkeppniseftirlitið umsagna helstu keppinauta sem getið er til um í samrunaskrá en viðkomandi gerðu ekki athugasemdir við samrunann. Þá má hafa hliðsjón af umfjöllun samrunaaðila um markaðsskilgreiningar og samkeppnisleg áhrif samrunans. Bendir staða samrunaaðila á markaði fyrir sölu á dekkjum ekki til þess að samruninn leiði til aukinnar samþjöppunar eða láréttra samkeppnisáhrifa. Þá er staða Heklu á mögulegum markaði fyrir innflutning og sölu á nýjum bifreiðum ekki slík að samruninn kunni að fela í sér möguleg útilokunaráhrif á mörkuðum málsins eða nærliggjandi mörkuðum.
9. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Vegna framangreinds telur Samkeppniseftirlitið hvorki forsendur til íhlutunar í máli þessu né ástæðu til frekari rannsóknar á mögulegum áhrifum samrunans og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

### **Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Jökla ehf. á öllu hlutafé í Dekkjasölnunni ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í þessu máli.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

---

<sup>1</sup> Miðað var við að meðalþyngd hvers dekk sé um 12 kg.